

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Hringrás Reyðarfirði Reyðarfirði



<b>Dags eftirlits</b>	21.11.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hringrás Reyðarfirði	<b>Eftirlitsmaður</b>	Helga Hreinsdóttir
<b>Heimili</b>	Hjallaleiru 12	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	5106131390	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Silvester	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	724227,412 511820,289

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Með skoðun var staðfest að spilliefnageymsla var læst og að ekki var tekið við spilliefnum frá viðskiptavinum. Tiltekt í spilliefnaskemmu var ekki lokið. Fráveitusýni hefur ekki verið tekið úr lokaðri spilliefnaþró á árinu 2018.

### UMFANG EFTIRLITS

Með tölvubréfi dags. 19. nóvember 2018 óskaði Umhverfisstofnun eftir að farið yrði í fyrirvaralaust eftirlit til að staðfesta hvort starfsemi væri í gangi við spilliefnamóttöku Hringrásar á Reyðarfirði og einnig hvort sýni hafi verið tekið úr lokaðri spilliefnaþró við aðstöðuhús spilliefnamóttökunnar.

Komið var að starfsstöð Hringrásar um kl. 10:00 þann 21. nóvember.

Hlið starfsstöðvarinnar var opið og starfsmaður Hringrásar úti á plani. Spilliefnaskemman var læst, en starfsmaður opnaði hana og upplýsti um starfsemina. Starfsmaður frá Íslenska Gámafélaginu var einnig á vettvangi.

Spilliefnamóttakan er ekki opin sem slík og ekki er tekið á móti spilliefnum. Aðstaða til móttöku málma og dekkja er opin þegar starfsmaður er á svæðinu, en annars er starfsmaður ÍGF kallaður til og hann opnar planið og upplýsir um losun á málmum og dekkjum.

Ef komið er með spilliefni eru þau tafarlaust flutt til gámapallar í rekstri ÍGF og komið fyrir í spilliefnageymslu þar.

Upplýst var að hlið að starfsstöðinni er haft lokað nema því aðeins að starfsmaður sé á vettvangi.

Lítilsháttar var af spilliefnum í skemmunni, aðallega afgangar frá fyrri starfsemi, sbr. eftirlitsskýrsla frá 11. júlí 2018. Þau spilliefni sem voru í skemmunni voru slattar af úrgangsolú í plastílátum og ein gjarðatunna með olíusíum, tilbúin til brottflutnings.

Eftir því sem næst verður komist hefur enn ekki verið tekið sýni úr lokuðu spilliefnaþrónni austan við skemmuna það sem af er árs. Í október voru tekin fráveitusýni úr sýnatökubrunnum aftan við tvær olíuskiljur fyrirtækisins.

### ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

### ANNAÐ

Frávik sem áður kom fram í reglubundnu eftirliti ársins 2018 um að skráningar fyrir árin 2016 og 2017 vanti skv. gr. 3.1 og 3.2 í starfsleyfi er áfram staðfest.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.12.2018

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir